

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1992

15. janúar 1992

5

Nr. 7

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367, 30. júlí 1990, um veiðar
í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1990 til
31. ágúst 1992.

1. gr.

Í stað „frá 4. apríl til 13. apríl 1992“, í 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar komi: frá 11. apríl til 20. apríl 1992.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. janúar 1992.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

6. janúar 1992

SAMÞYKKT

Nr. 8

um forkaupsrétt Þórshafnarhrepps að fasteignum innan sveitarfélagsins.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 26. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. lög nr. 22/1932, hefur hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkt að áskilja hreppnum vegna gerðar aðal- og deiliskipulags forkaupsrétt að þeim lóðum, jörðum og fasteignum innan sveitarfélagsins, sem um er getið í samþykkt þessari.

2. gr.

Forkaupsréttur samkvæmt 1. gr. tekur til eftirtalinna fasteigna, ásamt lóðarleiguréttindum: Austurvegur 8, Bakkavegur 9 og 21, Eyrarvegur 6 og 8, Fjarðarvegur 1, 7, 10, 12 og 14, Langanesvegur 5, 7, 8, 9, 17a, 17b, 18b, 19 og 27, Lækjarvegur 2, Ásgarður og Vegamót.

3. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir fimm ár frá dagsetningu hennar að telja.

Umhverfissráðuneytið, 6. janúar 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.